



Úthlutunarreglur um styrki til félagsmanna SLFÍ úr Starfsþróunarsjóði SLFÍ vegna náms/námskeiða sjúkraliða.

1. Styrkur vegna náms, námskeiða og kynnisferða er að hámarki 100.000 krónur á tveggja ára tímabili.
2. Skila þarf frumritum af kvittunum fyrir kostnaði með umsóknum.
3. Styrkur til sjúkraliða greiðist eftir að réttur í Starfsmenntunarsjóði BSRB er fullnýttur.
4. Sjúkraliðar geta fengið styrk vegna ferðakostnaðar innan- eða utanlands að hámarki 45.000 krónur og er sá styrkur hluti af hámarksréttindum og endurnýjast að tveim árum liðnum. (sbr.1. gr.)
5. Sjúkraliði sem sækir sérnám sjúkraliða í hjúkrun og atvinnurekandi greiðir ekki skólagjöldin að fullu, á rétt á að sækja um styrk til Starfsþróunarsjóðs SLFÍ fyrir því sem á vantar. Styrkurinn er ekki hluti af öðrum styrkjum sjóðsins.
6. Styrkir Starfsþróunarsjóðs SLFÍ eru til viðbótar 60.000 króna styrk úr Starfsmenntunarsjóði BSRB og eru reglur hans óbreyttar.
7. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni hvort og hvernig meta skuli eldri sjóðsaðild til að brúa rof á aðild. Rof á aðild getur þó aldrei verið lengri en 4 mánuðir.
8. Reglur þessar gilda frá 1. nóvember 2007, með síðari breytingum 26. maí 2010, 6. september 2010, 17. janúar 2011 og 1. janúar 2013.